

Suðurnesjamagasín og blað vikunnar:

4

80 ára afmæli  
Garðskagavita

Ert þú meðal þeirra 80.000  
appnotenda sem fá lægsta  
verðið í Nettó með appinu?

nettó

# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 18. SEPTEMBER 2024 // 35. TBL. // 45. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

## Harma upplifun Vina Hljómahallar



„Meirihluti  
bæjarráðs og  
fulltrúi Um-  
bótar harnar  
að meðlimir  
í Vinum  
Hljómahallar  
upplifi að

flutningur Bókasafns Reykjanesbæjar í Hljómahöll muni hafa neikvæð áhrif á þá starfsemi sem er til staðar í húsinu nú þegar.“ Þetta segir í bókun fulltrúa Framsóknarflokks, Samfylkingar, Beinnar leiðar og Umbótar í bæjarráði Reykjanesbæjar þann 5. september þegar lagður var fram undirskriftalisti frá Vinum Hljómahallar.

Í bókuninni segir að bæjarstjóri og formaður bæjarráðs hafi átt fund með fulltrúa Vina Hljómahallar 5. júlí sl. þar sem farið var yfir verkefnið og fulltrúanum boðið að taka þátt í þeirri vinnu sem fram undan er í Rokksafni Íslands sem fulltrúa hagsmunaaðila safnsins.

„Þar stendur meðal annars til að flytja sýninguna til í húsinu og fjárfesta í nútímalegri og upp-færðri gagnvirkri sýningu. Vill meirihluti bæjarráðs taka undir orð framkvæmdastjóra Hljómahallar sem birtist á vef VIKURFRÉTTA 4. september 2024 og á prenti í Ljósanæturblaði Víkurfréttar. Þar kemur m.a. fram að sýningin komi til með að taka breytingum og verða enn glæsilegri á næstunni, að tækifæri séu til staðar til að gera Hljómahöll að enn glæsilegra menningarhúsi og að safnið hafi fengið rausnarlega fjárveitingu til að endurnýja sýninguna,“ segir í bókuninni.



## Ívar settur í embætti djákna

Ívar Valbergsson var settur í embætti djákna við Keflavíkurkirkju í innsetningar- og sjálfbodaliðamessu síðasta sunnudagskvöld. Messan var auk þess tileinkuð þeim einstaklingum sem eru í sjálfbodinni þjónustu við Keflavíkurkirkju. Fyrir messu var sjálfbodaliðum boðið til stundar í Kirkjulundi þar sem Guðmundur Brynjólfsson, djákni, ræddi sjálfbodastarfið innan kirkjunnar. Þá var boðið upp á ljúfa tóna, auk þess sem Skólamatur bauð í súpu og Soho bauð upp á brauðmeti og álegg. Á myndinni hér að ofan má sjá þau Hans Guðberg Alfreðsson, prófast í Kjalarnesprófastsdæmi, séra Erlu Guðmundsdóttir, sóknarprest í Keflavíkurkirkju, og Ívar Valbergsson, djákna. VF/Hilmar Bragi



## Þekkjum einkennin og tölum um heilabilun

Grindvíkingurinn Guðlaugur Eyjólfsson  
er framkvæmdastjóri Alheimersamtakanna

## Kjartan Már í veikindaleyfi til áramóta

Kjartan Már  
Kjartansson,  
bæjarstjóri  
Reykjanes-  
bæjar, er  
kominn í veik-  
indaleyfi. Hann  
mun þó áfram  
sinna ýmsum sérverkefnum  
í samráði við Halldóru Friðu  
Þorvaldsdóttur, formann  
bæjarráðs og staðgengil  
bæjarstjóra, sem mun taka  
við stjórnartakunum fram  
að áramótum.



Kjartan Már greindist með krabbamein í sumar. Hormónameðferð hófst strax í kjölfar greiningar og er stefnt að geislameðferð í október og nóvember. Gert er ráð fyrir að Kjartan Már taki aftur við starfi bæjarstjóra eftir áramót.



## Viðræður um hönnun á gervigras- velli í Suðurnesjabæ

Bæjarráð Suðurnesjabæjar hefur samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að eiga viðræður við VSÓ Ráðgjöf um hönnun gervigrasvallar.

Minnisblað bæjarstjóra um verðkönnun varðandi hönnun gervigrasvallar var tekið fyrir á fundinum. Gert er ráð fyrir að gervigrasvöllurinn risi þar sem aðalvöllur Reytnis stendur í dag.

Talsverð átök hafa verið innan sveitarfélagsins um málefni gervigrasvallarins og t.a.m. féll meirihlutinn í Suðurnesjabæ fyrir í sumar vegna málsins.

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT  
FASTEIGNASALA



DÍSA  
DISA@ALLT.IS  
560-5510



ÁSTA MARÍA  
ASTA@ALLT.IS  
560-5507



HELGA  
HELGA@ALLT.IS  
560-5523



ELÍNBOURG ÓSK  
ELINBOURG@ALLT.IS  
560-5509



UNNUR SVAVA  
UNNUR@ALLT.IS  
560-5506



ELÍN  
ELIN@ALLT.IS  
560-5521



HAUKUR  
HAUKUR@ALLT.IS  
560-5525



SIGURJÓN  
SIGURJON@ALLT.IS  
560-5524



PÁLL  
PALL@ALLT.IS  
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

## Ókeypis ávöxtum vísað til fjárhags-áætlunarvinnu

Hugmynd um að í öllum skólum Reykjanesbæjar verði tekið upp sama fyrirkomulag og er nú í Stapaskóla þar sem nemendum stendur til boða að fá ávexti sér að kostnaðarlausu var tekin fyrir í menntaráði Reykjanesbæjar á dögnum.

Ókeypis ávöxtur í skólanum er byggður á Heillaspori (e. *Nurture*), segir í gögnum fundarins. Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi fór yfir málið. Menntaráð vísar framkominni tillögu til fjárhagsáætlunarvinnu Reykjanesbæjar.

# Framlög frá Jöfnunarsjóði verði ekki minni við sameiningu þriggja sveitarfélaga á Suðurnesjum

Forsenda fyrir sameiningu Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga er að reglum Jöfnunarsjóds sveitarfélaga verði breytt þannig að framlög til sameinaðs sveitarfélags verði að lágmarki ekki lægri en samhlöð framlög til sveitarfélaganna í dag. Það er niðurstaða verkefnisstjórnar sveitarfélaganna þriggja sem var skipuð vegna



hugsanlegra sameiningarviðræðna.

Verkefnisstjórn telur einnig nauðsynlegt að sameinað sveitar-

félag fái yfirráð yfir landi í eigu ríkisins innan marka þess til jákvæðrar uppbyggingar húsnæðis og atvinnulífs. Jafnframt telur verkefnisstjórn nauðsynlegt að mótuð verði skýr stefna um bættar almenningssamgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, sem taki mið af núverandi þörfum íbúa og atvinnulífs á svæðinu sem og uppbyggingu á svæðinu til framtíðar.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti þann 3. september að vísa tillögu um að hefja formlega viðræður við sveitarfélögin tvö, annað hvort eða bæði og skipan í samstarfsnefnd, til síðari umræðu. Vogamenn samþykktu á fundi í gær, 11. sept. að vísa sameiningarmálinu til síðari umræðu í bæjarstjórn. Suðurnesjabær hefur ekki afgreitt málið.

## Hrósa forstöðumönnum frístundaheimilanna

Á frístundaheimilum Reykjanesbæjar eru nú skráðir 609 nemendur. Fjöldi nemenda sem nýtir frístundaakstur er misjafn eftir dögum og eru flestir skráðir á mánudögum, 217 nemendur, en flestir á miðvikudögum, 162 nemendur.

Haraldur Axel Haraldsson grunnskólafulltrúi fór yfir fjölda nemenda á frístundaheimilum Reykjanesbæjar og nýtingu frí-

stundaaksturs í upphafi skólaárs 2024-2025 á fundi menntaráðs Reykjanesbæjar í síðustu viku.

Töluverð vinna leggst á forstöðumenn frístundaheimilanna við skipulagningu og framkvæmd á frístundaakstrinum. Því fylgir óneitanlega aukið álag á starfsemi. Menntaráð hrósar forstöðumönnum frístundaheimilanna í fundargerð fyrir hversu vel þeir standa að þessari framkvæmd.



■ Forvarnardagur ungra ökumanna haldinn við 88 húsið

## Mikill metnaður settur í forvarnardaginn

Forvarnardagur ungra ökumanna var haldinn í 88 húsinu þriðjudaginn 10. september og var þetta í tuttugasta skipti sem þessi flotti dagur var haldinn og því var öllu til tjaldað á stórafmælinu. Það eru Brunavarnir Suðurnesja, Lögreglan, TM, Samgöngustofa, Fjölbrotaskóli Suðurnesja, Reykjanesbær og 88 húsið sem standa að þessum viðburði sem er haldinn tvisvar á hverju ári, á haust- og vorönn.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vt.is

Kolbrún Marelsdóttir kennir lýðheilsu í FS og hefur verið með frá upphafi.

„Þetta er í tuttugasta skiptið sem við höldum þennan dag og er gaman hversu vel hefur tekist til. Ég veit að skólar úti á landi eru að fylgjast með okkur og það er ánægjulegt fyrir okkur. Það eru allir fyrsta árs nemar sem mæta og fá bæði fyrirlestra og svo setjum við á svið umferðarslys. Við skiptum krökkunum upp í fjóra hópa og þau fá fyrirlestur frá TM, Samgöngustofu og Lögreglunni, síðasti hópurinn er svo úti á plani þar sem við erum með veltibíl og ölvunargleraugu.

Það er mikill metnaður settur í slysið sem við sviðsetjum en um banaslys er að ræða vegna ölvunaraksturs. Fyrst kom líkbíllinn og



sótti hinn látna en í dag sér sjúkraf lutningafólk um það. Lögreglan mætir á svæðið, handtekur ökumanninn sem var ölvaður og svo sýna slökkviliðsmenn hvernig bíll er klipptur til að komast að hinum látna eða sjúklingnum. Það er mikill metnaður lagður í þetta og



ég vil meina að þetta séu forréttindi fyrir okkur hjá FS, að fá lögregluna og Brunavarnir Suðurnesja til að vinna þetta svona með okkur.

Mér skilst á þeim hjá Samgöngustofu að krakkar frá Suðurnesjum komi betur í ökukennslunni svo ég trúi því að þetta skili góðum árangri,“ sagði Kolbrún.

Kristján Freyr Geirsson eða Krissi lögga eins og hann er betur þekktur, er nokkurs konar samfélagslögga Reykjanesbæjar og tekur að sjálfsögðu þátt.

„Það voru aðrir sem byrjuðu þetta verkefni árið 2004 en ég var mjög fljótlega kominn að því. Hlutverk mitt og okkar í lögreglunni er að fræða krakkana um beltanotkun, ölvunarakstur og afleiðingar þess, höggþunga og síðast en ekki síst snjallsímanotkun en þrátt fyrir að búið sé að hækka sektina við því þá virðist það engu máli skipta. Það er allt of algengt að ökumenn, bæði ungir og aldnir, séu djúpt sokknir í símann sinn þegar einbeitingin á að vera á akstrinum, þetta er eitthvað sem vill verðum að reyna breyta áður en illa fer. Ég er sannfærður um að þessi dagur skilar sér, krökkunum finnst þetta áhugavert og öll fræðsla er af hinu góða,“ sagði Krissi að lokum.



**Allt hreint**  
Umhverfissvottuð rástingarpjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

**16 FERÐIR Á DAG**  
**ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM**

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**CARGOFLUTNINGAR.IS**

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

# EKKI ÓTTAST RIGNINGUNA

Lindab þakrennur eru bæði  
endingargóðar og fallegar

- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Auðvelt í uppsetningu.
- Fjölbreytt úrval lita í boði.
- Allar helstu einingar á lager.

**Skoðaðu úrvalið**



# Garðskagaviti byggður á þremur mánuðum á lýðveldisárinu

Einn af útvörðum Íslands, sjálfur Garðskagaviti, er orðinn 80 ára gamall. Hann var byggður á tæpum þremur mánuðum og vígður 10. september lýðveldisárið 1944. Það þótti þrekvirki að byggja þennan hæsta vita á Íslandi með þeim tækjum og tólum sem í boði voru á þessum tíma. Tímamótunum var fagnað á Garðskaga í síðustu viku þegar Byggðasafnið á Garðskaga stóð fyrir afmælisfagnaði.



Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ, ávarpaði gesti og benti á þá staðreynd að í sveitarfélaginu eru fimm vitar. Bergþóra Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustusviðs Vegagerðarinnar, flutti ávarp og sagði örlítið frá Garðskagavita. Vitinn skiptir miklu máli í öryggismálum sjófarenda við Reykjaneskagann og vitar eru

bráðnaðsynlegir í dag, þrátt fyrir ýmsar tækniframfarir síðustu ára. Ef nýjasta og fullkomnasta tækni eins og GPS-kerfin bregðast, þá er leiðarljós vitanna það sem sjófar- endur treysta á.

Séra Sigurður Grétar Sigurðsson, sóknarprestur á Útskálum, fór með blessunarorð og ræddi ljósið í vitanum. Í tilefni afmælis Garðskagavita voru öll ljós í Útskálakirkju látin loga aðfararnótt 11. september en á árum áður gegndu kirkjur svipuðu hlutverki og vitar, sjófar- endur treystu á ljós í landi frá kirkjum, sem voru látin loga í svartasta skammdeginu.

Það var líka sungið fyrir afmælis- barnið en söngsveitin Víkingar og félagar úr Karlakór Keflavíkur tóku lagið. Hjörtur Páll Davíðsson las einnig ljóð Ásdísar Káradóttur, vitarvarðar.

Í anddyri safnsins á Garðskaga var boðið upp á kaffiveitingar og harðfisk. Þá er byggðasafnið að selja kerti sem eru afsteypur af vitunum í Suðurnesjabæ og kort með myndum af vitunum eftir Braga Einarsson listamann í Garði.

## Upphaf byggingar

Bygging vitans hófst þann 11. júní 1944 á Garðstaðarflös um 215 metrum suðaustur af gamla vitanum (1897) yst á Garðskaga. Hann var reistur á tæplega þremur mánuðum. Nýi vitinn var hafður lengra frá sjónum en sá eldri til



að forðast landbrot og særök sem gekk jafnan yfir gamla vitann og dró þannig úr sýnileika hans þegar mest þurfti á að halda í lélegu skyggni.

## Lok verka og vígsla vitans

Slökkt var á eldri vitanum frá 28. ágúst til 7. september 1944 og ljósakrónan og ljósgjafinn flutt yfir í nýja vitann. Gamli vitinn var aldrei lagður af heldur endurbyggður og hætt að nota gömlu vitabygginguna og ljóshúsið. Nýja vitabyggingin (1944) var formlega vígð þann 10. september 1944 með útiuguþjónustu séra Eiríks Brynjólfssonar og hún formlega tekin í notkun.

## Hönnun og tæknileg byggingaratriði

Axel Sveinsson verkfræðingur var hönnuður hins nýja vita. Tók hann við sem vitamálastjóri 25. október þetta sama ár af Emil Jónssyni, sem sagði af sér sem vitamálastjóri og gerðist ráðherra. Nýi vitinn á Garðskaga er sívalur turn úr járnbentri steypu með 20 cm þykkum veggjum, 23,1 metri á hæð frá palli að ljósi, með 7,5 metra þvermál neðst og 5 metra þvermál efst. Vitinn stendur á 1,5 metra háum palli, og þar ofan á er 4 metra hátt enskt ljóshús. Garðskagaviti er því hæsta vitabygging landsins, eða 28,6 metrar. Ljóshæð vitans yfir meðalfloðhæð á svæðinu er 31 metri. Upphaflega var vitinn húðaður að utan með hvítu sementi og kvasi ásamt kalksteins- salla og silfurbergsögnum til þess að losna við málningu og minnka viðhaldsþörf. Árið 1986 var hann kústaður með hvítu viðgerða- og þéttiefni sem hefur haldist þannig síðan.



**Fjallað verður um 80 ára afmæli Garðskagavita í Suðurnesjamagasíni Víkurfrétta í þessari viku. Þátturinn verður á vf.is í lok vikunnar.**

## Leikhúsfærð

**Leikhúsfærð Félags eldri borgara á Suðurnesjum verður farin 20. október næstkomandi.**

Farið verður að sjá gamanleikritið Óskaland í Borgarleikhúsinu.

Miðaverð kr. 6.900,-

Miðapantanir hjá Steinunni s. 868-9863 og Björgu s. 865-9897.

Miðar seldir fimmtudaginn 19. september á milli kl. 13:30–15:00. Posi á staðnum.

Rúta fer frá Nesvöllum kl. 18:00.

Síðasti skráningardagur 1. október.

Leikhúsnefndin



Ástkær vinur minn og sambýlismaður, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ERLENDUR FRÍÐRIKSSON,**  
LINDI,

frá Sandgerði, til heimilis að Baugakór 17, Kópavogi,

lést á gjörgæsludeild Landspítala, Fossvogi, 7. september.

Útför hans verður frá Lindakirkju 23. september klukkan 13:00.

Elenóra Sveinsdóttir

Dagný Hulda Erlendsdóttir Skúli Th. Theodórsson  
Eiður Fannar Erlendsson María V. Guðmundsdóttir  
Ragnar Freyr Ásgeirsson  
Helgi Páll Ásgeirsson  
Kristinn Elfar Ásgeirsson Elísabet Hosseini Far og barnabörn



# KYNNINGARTILBOÐ

## Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL SKARA 64 - 64,4 m<sup>2</sup>

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.



### MODEL SKARA 64,4 m<sup>2</sup> + verönd

Listaverð kr. 32.900.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 31.900.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.



45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**HEILSÁRSHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HEILSÁRSHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

[www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)



Staðgreiðslu Lán



HAGSTADAR AFBOGANIR

# KYNNINGARTILBOÐ

## Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL NORD PLUS - 36,7 m<sup>2</sup>

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.



### MODEL NORD PLUS + verönd

Listaverð kr. 14.500.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 13.900.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.



45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**HEILSÁRSHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HEILSÁRSHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

[www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)



Staðgreiðslu Lán



HAGSTADAR AFBOGANIR

# Fimleikar fyrir börn með sérþarfir

Fimleikadeild Keflavíkur er virkilega stolt af því að geta aftur boðið upp á fimleika fyrir börn með sérþarfir. Deildin hefur fengið í lið við sig nema í þroskaþjálfun og sjúkraþjálfun, Birnu Kristel og Elínu Klöru, og býður þær velkomnar til starfa.

Í hópunum er æft eftir þrepum Special Olympics, þjálfunin byggist á upphitun, styrktaræfingum og grunnæfingum í fimleikum og teygjum. Börn á aldrinum 4 til 12 ára eru velkomin á sunnudögum kl.: 11:00–12:30. Námskeiðið var að hefjast, hægt er að bæta við í hópin, skráning er á abler.is.

Fimleikadeildin ætlar svo einnig að bæta við öðrum hópi í október fyrir ungmenni.

Ungmenni 13 ára og eldri æfa 13:00–14:30 á sunnudögum. Námskeiðið hefst 27. október og skráning er hafin á abler.is. Einnig er hægt að hafa samband við Evu Hrund framkvæmdastjóra fimleikar@keflavik.is og skrá öll börn eða fá að prófa tíma.

Allir velkomnir að prófa og velkomið að koma í heimsókn í Akademíuna, skoða salinn og húsið.

Fimleikadeild Keflavíkur er á Sunnubraut 35 í Reykjanesbæ.



Birna Kristel



Elín Klara



## Verðlaun í Ljósberanum veitt í ráðhúsi Reykjanesbæjar

Úrslit í ljóðsamkeppninni Ljósberinn, sem hefur verið haldin síðan árið 2019, voru kunngerð í hófi sem haldið var í ráðhúsi Reykjanesbæjar á föstudaginn á Ljósanóttinni en Ljósberinn er hugafóstur Guðmundar Magnússonar, skálds. Við sama tækifæri kom kvennakórinn Grindavíkurdætur fram og flutti nokkur vel valin lög.



Það var fyrsti sigurvegari keppinnar, Gunnhildur Þórðardóttir, sem stýrði herlegheitunum en sigurvegari var Ægir Þór Jähne, ljóð hans var *Hún sem sýpar hafinu*. Tvö önnur ljóð fengu viðurkenningu; *Berinn* sem Eyrún Ósk Jónsdóttir orti og ljóðið *Skógur* eftir Ragnheiði Hörpu.

Í dómnefnd sátu skáldin Anton Helgi Jónsson, Bergrún Íris Sævarsdóttir, Guðmundur Magnússon, Garðar Baldvinsson og þýðandinn Helga Soffía Einarsdóttir.

Það voru HS veitur, Penninn, KFC, Kind útgáfa og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum sem styrktu viðburðinn.

## Dragnotaveiðin ennþá mjög góð í Faxaflóa

September er hálfnaður og ennþá er mjög rólegt hjá færabátunum, þeir hafa þó aðeins komist á sjóinn núna síðustu vikuna en þó ekki margir bátar því þeir eru aðeins þrír sem hafa landað. Dímon GK hefur farið í tvo róðra og landað 1,7 tonn og af því er ufsi um 1,2 tonn, Séra Árni GK hefur farið í einn róður og kom með 704 kíló og var ufsi af því 664 kíló og Guðrún GK hefur farið í tvo róðra og landað 2,6 tonnum, af því er ufsi 1,6 tonn.

Rækjutímabilinu hjá Pálínu Þórunni GK er lokið því togarinn kom til Sandgerðis fyrir nokkrum dögum síðan. Var togarinn með 33 tonna afla og hafði þar á undan landað á Siglufirði. Heildaraflinn hjá Pálínu Þórunni GK það sem af er september er kominn í 73 tonn og af því er rækja 12 tonn.

Sóley Sigurjóns GK er áfram á rækjuveiðum og hefur landað 107 tonnum í tveimur róðrum, af því er rækja 29 tonn. Togarinn Sturla GK hefur verið að landa í Grindavík og hefur komið þangað með 149 tonn í þremur löndunum og mest 73 tonn í einni löndun.

Eins og greint var frá í fjölmíðlum fyrir nokkra síðan þá hefur verið ákveðið að skipta fyrirtækinu Þorbirni ehf., sem gerir út Sturlu GK, í þrjú fyrirtæki. Einn hluti mun gera Sturlu GK út, annar Hrafn Sveinbjarnarson GK og sá þriðji Tómas Þorvaldsson GK. Öll þessi þrjú skip eru með svipað magn af kvóta, eða um 5.000 til 6.000 tonna kvóta miðað við þorskígildi.

Þorbjörn ehf. er ekki með neina fiskvinnslu í Grindavík og því er aflinn af Sturlu GK ýmist seldur



á fiskmarkaði eða að karfinn er sendur utan í gámum til sölu þar.

Hrafn Sveinbjarnarson GK kom líka til Grindavíkur en með lítinn afla, aðeins 71 tonn. Aðrir togarar eru t.d. Áskell ÞH sem er með 175 tonn í tveimur löndunum, landað í Hafnarfirði, Jóhanna Gísladóttir GK með 171 tonn í þremur löndunum, landað á Djúpavogi og Grindavík, og Vörður ÞH með 167 tonn í tveimur löndunum, landað í Hafnarfirði.

Enn sem komið er þá eru aðeins þrír bátar á netaveiðum, allir eru þeir að landa í Keflavík og allir að veiða fyrir Hólmgrím. Sunna Líf GK komin með 8,1 tonn í þremur róðrum og mest 3,5 tonn, Svala Dís KE 7,5 tonn í fjórum róðrum og Addi Afi GK 7 tonn í fjórum róðrum.

Dragnotaveiðin er ennþá mjög góð í Faxaflóanum og Ásdís ÍS er ennþá hæst af bátunum, komin með 151 tonn í ellefu róðrum, landar í Keflavík, Stapafell SH er með 115 tonn í sjö róðrum og landar í Reykjavík og Aðalbjörg RE 94 tonn í sex róðrum, líka að landa í Reykjavík.

Siggi Bjarna GK 112 tonn í átta róðrum og Benni Sæm GK 77 tonn í sex, báðir að landa í Sand-

### AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson  
gisli@aflafrettir.is



gerði. Maggý VE er líka í Sandgerði en vegna þess að báturinn er lengri en 24 metrar þá má Maggý VE ekki veiða inni í Faxaflóanum. Báturinn hefur verið við veiðar við Hafnarbergið og hefur landað 62 tonn í sex róðrum.

Sigurfari GK er að verða klár í slippnum í Njarðvík en báturinn er búinn að vera þar síðan í júní. Mjög stór kvóti er á Sigurfara, eða um 3.400 tonna kvóti og af því er um 2000 tonn af ýsu. Reyndar eru allir bátarnir frá Nesfiski nema Margrét GK með kvóta sem síðan er færður á milli skipanna og þar á meðal frystitogarinn Baldvin Njálsson GK.

Margrét GK er ennþá á Hólmavík en sá bátur er með stærsta þorskvóta krókabáta á landinu, um 1.277 tonn. Núna í september hefur báturinn landað 36 tonnum í sjö róðrum á Hólmavík og mest 7,8 tonn í róðri.

SUÐURNESJA  
**VF** **magasín**

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?  
Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bílaveiðgerðir**  
**Smurpjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**



Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
sími 421 7979  
www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**

Ljúffengur  
heimilismatur  
í hádeginu

Opið:  
**11-13:30**  
alla virka daga

Þú finnur allar  
nýjustu fréttirnar  
frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin,  
fáðu heymartæki  
til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //



# Skreytum hús

## Nýtt litakort



Nýtt **Skreytum hús** litakort er komið í verlanir **Slippfélagsins**.

**Skreytum hús** litirnir eru búnir til af **Soffiu Dögg Garðarsdóttur** og **Slippfélaginu**. Soffía heldur úti heimilisblogginu **Skreytum hús**.

Hægt er að nálgast litakortið í öllum verslunum **Slippfélagsins**.

**SLIPPFÉLAGIÐ**  
Hafnargötu 54  
Reykjanesbæ  
S: 421 2720

Opið:  
**8-18** virka daga  
**10-14** laugardaga  
[slippfelagid.is](http://slippfelagid.is)



# Þekkjum einkennin og tölum um heilabilun

„Fyrsta skrefið er ávallt að leita til síns heimilislæknis, hann getur útilokað aðra möguleika og ferlið fer í gang,“ segir Grindvíkingurinn Guðlaugur Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna en september er alzheimer-mánuðurinn og 21. dagur mánaðarins opinber dagur alzheimer, þann dag munu Alzheimersamtökin halda ráðstefnu á Grand hótél. Gulli, eins og hann er jafnan kallaður, átti flottan feril í körfubolta með Grindavík og kom við í einkageiranum áður en hann fann fjöl sína í þriðja geiranum svokallaða.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

Gulli er uppallinn í Grindavík og gekk hefðbundna íþróttaleið þar sem bæði var æfður körfuknattleikur og knattspyrna en hann valdi á milli um fermingaraldurinn en segir föður sinn, körfubolta- og söngsögnina Eyjólf Guðlaugsson, hvergi hafa komið þar nærri.

„Nei, pabbi reyndi ekki að hafa nein áhrif á val mitt, ég fékk að gera það sem ég vildi sem barn og æfði þessar greinar jöfnum höndum en væntanlega voru hæfileikarnir meiri í körfunni, alla vega valdist ég í yngri landslið þeim megin og því var valið á milli greina ekki erfitt hjá mér. Ég spilaði allan ferilinn með Grindavík og átti ágætis feril, valdist í A-landslíðið og náði að vinna þrjá bikarmeistararitla með liðinu, 1998, 2000 og 2006.“

## Háskólanám og starfsferil

Gulli nam uppeldis- og menntunarfræði í háskólanum en eftir að BA-gráðan var klár þá fór hann í master í mannauðsstjórnun.

„Mannauðsstjórnunarnámið var tiltölulega nýtt á þessum tíma og einhvern veginn leiddist ég svo út í stjórnun, það var aldrei planið hjá mér, ég villtist einhvern veginn út á þá braut. Eftir að því námi lauk árið 2006 fékk ég starf hjá Símanum, var deildarstjóri fyrst, færðist svo ofar og var orðinn forstöðumaður og átti góð ellefu ár þar, kynntist skemmtilegu og áhugaverðu fólki sem ég er ennþá í góðu sambandi við. Eftir þessi ellefu ár fann ég að ég vildi breyta til, vann í ferðaþjónustu um tíma og flakkaði eithvað um en svo vildi ég bara algerlega vanda kvæði mínu í kross og ég og konan mín og þrjár dætur fluttum til Wales þar sem við hjónin skelltum okkur í nám í kírópraktík. Við vorum í fjögur ár úti og hófum störf þegar við komum heim, ég stofnaði mína eigin stofu í Lífsgæðasetrinu í Hafnarfirði og var líka að vinna fyrir Janus heilsueflingu. Lífsgæðasetrið er húsnaði gamla St. Jósefsspítala en húsnaðið hafði staðið tomt í um átta ár þegar Hafnarfjarðarbær ákvað að ráðast í enduruppbyggingu á því. Í Lífsgæðasetrinu eru fyrirtæki og samtök sem á einn eða annan hátt vinna að bættum lífsgæðum fólks. Á meðan ég starfaði í húsinu frétti ég að Alzheimersamtökin væru að auglýsa eftir framkvæmdastjóra og fann að það heillaði mig, ég vissi að ég hefði ekki áhuga á eins stjórnun og ég hafði verið í áður en framkvæmdastjórastaða Alzheimersamtakanna heillaði mig, ég sótti um og fékk starfið og hef verið í því núna í eitt og hálf ár,“ segir Guðlaugur.

## Þriðji geirinn - Alzheimersamtökin

Oft er minnst á opinbera geirann einkageirann, þriðji geirinn er sá sem minna fer fyrir en það eru m.a. óhagnaðardrífín félagsamtök eins og Alzheimersamtökin.

„Ég fann að þriðji geirinn heillaði mig og er mjög sáttur hjá Alzheimersamtökunum.“

Starfsemi Alzheimersamtakanna er tvískipt má segja, annars vegar rekum við skrifstofu með fjórum

starfsmönnum og er sú starfsemi alfarið fjármögnuð með styrkjum. Á skrifstofunni vinnum við markvisst að hagsmunum einstaklinga með heilabilun og aðstandenda þeirra auk þess að veita ýmsa þjónustu eins og ráðgjöf, sálfræðiþjónustu og ýmsa fræðslu. Hins vegar rekum við þrjú úrræði þar sem starfsemin er fjármögnuð af Sjúkratryggingum Íslands. Seiglan er eitt þeirra og er tiltölulega nýtt úrræði sem er staðsett í Lífsgæðasetrinu og svo rekum við einnig tvær svokallaðar sérhæfðar dagþjálfanir sem er úrræði ætlað einstaklingum sem eru lengra komnir í sínum sjúkdómi. Seiglan er rúmlega tveggja ára gömul en það úrræði er algjör bylting fyrir fólk sem er skammt á veg komið í sínum sjúkdómi. Þar er dagskrá alla daga og áherslan er á líkamlega, félagslega og vitræna virkni en rannsóknir hafa sýnt fram á að með því getum við hægt á framgangi sjúkdómsins, minnkað einkenni og auknið lífsgæði með slíkri virkni.“

## Fyrstu skrefin

Eðli málsins skv. er Gulli búinn að kynna sér heilabilun vel en Alzheimersamtökin eru hagsmunasamtök og hlutverkið er að leiðbeina þeim sem eru með grun um heilabilun og ekki sist, aðstandendum þeirra. Hver eru fyrstu skrefin þegar grunur vaknar?

„Fyrsta skrefið er ávallt að leita til síns heimilislæknis sem getur greint heilabilun eða vísað einstaklingnum til öldrunarlæknis sem sérhæfir sig í heilabilun. Það er mjög mikilvægt að leita strax til síns heimilislæknis ef grunsemdir vakna, heimilislæknirinn getur útilokað ýmislegt annað undirliggjandi sem getur valdið svipuðum einkennum og þegar um heilabilun er að ræða, þannig að það er alltaf fyrsta skrefið.“

Það er mikilvægt að auka umræðuna og meðvitund um heila-



bilunarsjúkdóma, í gegnum tíðina hefur ákveðin skömm og feimni fylgt þessum sjúkdómum og því viljum við breyta. Sá sem hefur grun um heilabilun skammast sín oft og reynir að fela einkennin fyrir sínum nánustu en það er það versta sem viðkomandi gerir. Okkar ráðgjöf til aðstandenda er að ræða við þann sem sýnir einhver einkenni, á þeim nótum að hugsanlega geti þetta verið eithvað undirliggjandi

og alvarlegt eins og heilablæðing og það þurfi að útiloka þann möguleika sem fyrst. Viðkomandi er þá kominn til heimilislæknis og þá er ferlið í raun komið af stað. Þessi fyrstu skref eru mörgum erfið og því bendum við öllum á að hægt er að hafa samband við okkur hjá samtökunum, við erum með ráðgjafþjónustu og getum alltaf reynt að aðstoða fólk í slíkri stöðu“ segir Gulli.

## Alzheimer algengasti heilabilunarsjúkdómurinn

Heilabilun er í raun regnhlífarhugtak yfir alla heilabilunarsjúkdóma en þar er alzheimer algengast eða um 65%, æðabilun og -köllkun sem veldur súrefnisleysi til heilans er algengt og svo er Lewy Body-sjúkdómurinn nokkuð algengur heilabilunarsjúkdómur hér á Íslandi, oft er sambland af tvennu en í heildina eru um 200 heilabilunarsjúkdómar til.

„Oft er erfitt að greina hver heilabilunarsjúkdómurinn er og það er algengur misskilningur að alzheimer t.d. sé öldrunarsjúkdómur, því fer víðs fjarri, fólk undir fimmtugu greinist með alzheimer en það gildir með heilabilunarsjúkdóm eins og aðra sjúkdóma, þeim mun eldri sem þú ert, þeim mun meiri líkur eru á að þú fái heilabilun. Ástæða þess að við greinum fleiri með heilabilunarsjúkdóm í dag en hér áður fyrr, við erum að eldast og höfum lifað af aðra sjúkdóma. Auk þess er meiri meðvitund um einkenni og minni skömm og forðomar þannig að fleiri fá greiningu en áður. Engin lækning er ennþá til við heilabilunarsjúkdómi en það eru að koma lyf sem gefa okkur von

um að hægt verði að hægja á framgangi sjúkdómanna og minnka einkenni með lyfjagjöf.“

„Skilaboðin okkar eru að það er mjög mikilvægt að við öll þekkjum einkenni heilabilunar og leitum strax til læknis ef grunur er um heilabilun. Því fyrr sem við fáum aðgang að viðeigandi úrræði sem hefur það að markmiði að hægja á framgangi sjúkdómsins, því betra.“

## 21. september alþjóðlegi alzheimer-dagurinn

„21. september er alþjóðlegur dagur alzheimer. Við stöndum alltaf fyrir málþingi og ráðstefnu á þessum degi og mun það fara fram á Grand hótél kl. 12:30 á laugardaginn og hvetjum við alla til að koma og kynna sér hvað við erum að gera.“

Ég hlakka til komandi verkefna hjá Alzheimersamtökunum, ég kann mjög vel við mig í þessu starfi og finnst eins og ég sé búinn að finna mína fjöl. Ég er hamingjusamlega gifting fadóir og uni hag mínum vel í Hafnarfirði þar sem við búum. Það hefur reynt á að fylgjast með gamla heimabænum úr fjarlægð, foreldrar mínir og systir og hennar fjölskylda bjuggu í bænum og ótal margir vinir og það hefur verið hróðilegt að fylgjast með þessu. Það er ómurlegt að sjá gamla samfélagið sitt brotna svona en ég er sannfærður um að Grindavík mun byggjast upp á ný, þetta var eitt best rekna sveitarfélag landsins með mjög öflugt atvinnulíf og um leið og náttúruöflin gefa Grindavík smá grið, þá mun bærinn blómstra á ný,“ sagði Guðlaugur að lokum.







**20%**  
**AFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM GRANÍT  
LEGSTEINUM Í SEPTEMBER

# GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 \* 220 Hafnarfjörður \* [granitsteinar@granitsteinar.is](mailto:granitsteinar@granitsteinar.is) \* sími: 5445100



# Mugison býður Grindvíkingum á tónleika í Grindavíkarkirkju

„Þegar ég fékk þessa hugmynd með 100 tónleika í kirkjum í 100 póst-númerum, var mér hugsað til Grindvíkinga, mér hefur alltaf þótt geðveikt stuð að spila í Grindavík og vildi gefa af mér og þjóða þeim að koma á tónleikana mína í sinni kirkju,“ segir tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, eða Mugison eins og hann kallar sig, en hann býður Grindvíkingum frítt á tónleika sína í Grindavíkarkirkju laugardagskvöldið 21. september.

Þegar Mugison var að skipuleggja tónleikaröðina í vor var mikil óvissa í gangi í Grindavík en hann ákvað samt ásamt sóknarprestinum í Grindavík, séra Elínborgu Gísladóttur, að negla þessa dagsetningu.

„Ég hef auðvitað fylgst með gangi mála í Grindavík síðan þessi ósköp byrjuðu og á kunningja þaðan, ég veit að fólk hefur þurft að flytja margsinnis og mér fannst bara einhvern veginn rétt af mér að gefa Grindvíkingum þetta. Ég get ekki hjálpað Grindvíkingum að flytja en ég get búið til samverustund þar sem fólk kemur saman og hefur gaman. Mér hefur alltaf þótt mjög gaman að spila fyrir Grindvíkinga, það er extra mikið stuð í þeim og ég hlakka mikið til að koma til Grindavíkur þetta laugardagskvöld, 21. september.

Ég var meðvitaður um að hugsanlega myndi þurfa breyta dagsetningu tónleikanna en málin hafa þróast okkur í hag að undanfögnu, síðasta eldgos búið og við sr. Elínborg sammála um að keyra bara á þetta eins og búið var að plana.“

## Lítill útgerð

Mugison er heldur betur að fara ótroðnu slóðina á þessari tónleikaferð sinni en hann gerir allt sjálfur frá á til ö, er í hurðinni að taka við miðanum, rótar sjálfur eftir tónleikana og gerir einfaldlega allt einn og óstuddur. Hann fjárfesti í litlum sendiferðabíl, kom koju fyrir í honum og sefur svefni hinna réttlátu í bílnum og er með eldunaraðstöðu. Fyrir viknið hefur hann kynnst landanum betur.

„Þetta er búið að vera alveg hreint ljómandi skemmtilegt. Fyrstu tónleikarnir voru í vor og ég hef tekið þetta í nokkrum áhlaupum, tók mér smá frí í júlí en hélt rúma tuttugu tónleika í ágúst. Þegar maður er einn að

ferðast þá er eins og maður eigi auðveldara með að kynnst fólki, þegar maður er með hljómsveit þá er maður mest í samskiptum við bandið. Það er búið að vera mjög skemmtilegt að kynnst nýju fólki og athyglisvert að sjá muninn á milli landsvæða, mismunandi talsmáti og andi sem ríkir á hverjum stað og bara yfir höfuð búið að vera frábært að kynnst löndum mínum svona. Mætingin hefur jafnan verið góð en ég er búinn með 67 af 100 hundrad tónleikum. Ég lagði dæmið þannig upp að ef ég fengi fyrir bensíni og mat, hugsanlega mánaðarlaunum, væri takmarkinu náð. Það er gaman að fá svona hugmynd og framkvæma hana, mér líður kannski meira eins og íþróttamanni sem setur sér markmið. Síðustu tónleikarnir eru fyrirhugaðir í Hallgrímskirkju 14. desember. Það verður gaman að enda þetta í þessari stærstu kirkju landsins, þetta er búið að vera ofboðslega skemmtilegt og gefandi, ég á alltaf eftir lifa á þessum minningum,“ sagði Mugison að lokum.

Fyrir utan tónleikana í Grindavík mun Mugison halda tónleika á þessum dögum á Suðurnesjunum:



- **Kálfatjarnarkirkja í Vogum, sunnudaginn 29. september.**
- **Innri-Njarðvíkarkirkja, fimmtudaginn 3. október.**
- **Keflavíkarkirkja, föstudaginn 4. október.**
- **Hvalsneskirkja í Sandgerði, laugardaginn 5. október. UPPSELT!**
- **Útskálakirkja í Garði, sunnudaginn 6. október.**

Allir tónleikarnir hefjast kl. 20:00 og er hægt að kaupa miða á [tix.is](http://tix.is), miðaverð 4.500 kr. en 5.000 kr. ef miði er keyptur við hurð.



## Papas með foropnun á laugardaginn

### ■ Karl Örvarsson treður upp eftir tónleika Mugison

„Við lítum á þetta sem ákveðna foropnun á Grindavík, við trúum því að bærinn muni opna fljótlega og þá verður hann fljótur að byrja blómstra á ný. Það er frábært að Mugison sé að koma halda tónleika á laugardaginn í kirkjunni, við ætlum að bjóða upp á stuð á eftir og mun Kalli Örvars m.a. troða upp og tekur vonandi nokkra vini sína með sér. Við opnum kl. 12 og vonum að allir sem ætla á tónleikana kúki við hjá okkur fyrst og fá sér gott í kroppinn,“ segir Þormar Ómarsson, annar eigenda Papas pizza í Grindavík en staðurinn opnar kl. 12 á laugardaginn og verður opinn fram á kvöld.

Þormar hefur trú á að lokunarpóstur verði aflagðir fljótlega og bærinn opni fyrir almennig.

„Þetta hefur reynt á og við höfum haft lokað í allt sumar, það var ekki grundvöllur fyrir að halda úti rekstri á meðan enginn mátti koma inn í bæinn. Nú er hins vegar allt komið á fullt í viðgerðum á götum og innviðum og ég trúi því að þegar allar flóttaleiðir út úr bænum verða orðnar greiðfærar, að þá muni yfirvöld hætta með lokunarpóstana og opna bæinn. Eftir það mun Grindavík ná vopnum sínum á ný, um það er ég sannfærður.

Þegar við fréttum að Mugison myndi halda sínu til streitu varðandi tónleika í Grindavíkarkirkju, settum við allt á fullt og munum opna kl. 12 á laugardaginn. Enski boltinn verður á skjánum og vonandi munu allir



Skildi Kári Stefáns mæta með Kalla?

sem eru að fara á tónleikana, koma við hjá okkur fyrst og seðja hungrið.

Þegar tónleikarnir hjá Mugison verða búnir ætlum við að halda áfram með stuðið á Papas og höfum fengið grínistann og söngfluglinn Karl Örvarsson til að koma og skemmta. Kalli stendur í samningaviðræðum við aðra listamenn um að koma með

sér og er gaman að sjá hug hans og annarra varðandi Grindavík, það vilja allir leggjast á eitt svo Grindavík fari að blómstra á ný,“ sagði Þormar. Kalli Örvars er bæði þekktur sem söngvari og laga-höfundur en er kannski þekktastur fyrir að vera eftirherma, t.d. er varla hægt að sjá eða heyra hvor tali, hann eða Kári Stefánsson. „Ég er búinn að kynnst Grindvíkingum sem eru einkar skemmtilegur þjóðflokkur, mér hefur alltaf þótt gaman að skemmta í Grindavík og var meira en til í að koma á laugardaginn og taka þátt í þessari foropnun eins og Papas-bræðurnir kalla þetta. Það er aldrei að vita nema ég taki einhverja vini mína með mér en hvort þeir mæti í eigin persónu eða í minni sköpun kemur bara í ljós,“ sagði Kalli að lokum.



# Framkvæmdir í Grindavík ganga vel og stefnt á opnun bæjarins

„Framkvæmdir hafa gengið vel myndi ég segja en ég vil ekki gefa út hvenær við áætluð að þeim ljúki en þegar þessum fyrsta og öðrum fasa verður lokið og flóttaleiðir verða þar með greiðar, munum við óska eftir því að lokunarpóstur verði teknir niður,“ segir Árni Þór Sigurðsson, formaður Grindavíkurnefndarinnar.

Grindavíkurnefndin svokallaða tók til starfa í byrjun júnímánaðar og er farin að láta til sín taka.

„Staðan í Grindavík er kannski ekki mikið breytt en það er búin að vera vinna í viðgerðum á götum og innviðum, og setja upp girðingar á hættulegum svæðum. Þetta hefur gengið nokkuð vel myndi ég segja og er á áætlun en ég vil ekki gefa út hvenær við áætluð að þessu ljúki, það getur alltaf eitthvað komið upp á sem þarf að laga en þetta hefur gengið vel til þessa. Um leið og þessu lýkur vonumst við til að hægt verði að opna bæinn og auka aðgengi að honum en allar flóttaleiðir út úr bænum þurfa þá að vera greiðfærar. Það var sett upp skipulag um hvað sé mest aðkallandi og við erum í fyrsta fasa núna og erum að byrja á því sem er í öðrum fasa og þegar þessu tvennu verður lokið tökum við stöðuna. Við fengum Vegagerðina til að vera yfir verkinu og Vegagerðin er svo með undirverktaka í einstökum verkum,“ segir Árni Þór.

Vinnan var hafin fyrir síðasta eldgos en í aðdraganda þess var ákveðið að setja allt á ís en Árni er vongóður um að fá vinnufrið fyrir náttúruöflunum á næstunni.

„Veðurstofan hefur gefið í skyn að líklega muni lengri tími líða fram að næsta atburði svo við munum kappkosta að nýta tímann vel og gera bæinn öruggari svo hann geti opnað og þegar þessum



fyrsta og öðrum fasa lýkur munum við kynna hvað búið sé að gera og hvað sé framundan. Við erum í nánú sambandi við fjölmarga aðila eins og Almannavarnir, Lögregluna, Öryggismíðstöðina o.fl., það þurfa allir að róa í sömu átt. Markmiðið er að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið og glæða bæinn meira lífi en hvenær allt verður komið í eðlilegt horf með skólahaldi t.d. er ómögulegt að segja til um á þessum tímabili. Ákvörðunin um að afnema skólahald á yfirstandandi skólaári var tekin í apríl og við vitum ekkert núna hvernig staðan verður í apríl á næsta ári. Það er ótímabært að tjá sig um það, við verðum einfaldlega að taka skynsamlegar ákvarðanir þegar hægt er að taka þær en hægt og bitandi mun Grindavík ná vopnum sínum á ný, það er ég sannfærður um,“ sagði Árni Þór að lokum.

# Þórkatla hefur keypt tæpar 900 eignir í Grindavík

■ Tilmæli Almanna- og Varnarmálaráðs hafa haft áhrif á ákvarðanatökur

„Við munum kynna hollvina-samning fljótlega,“ segir Örn Viðar Skúlason, framkvæmdastjóri Þórkötlu sem er fasteignafélag, stofnað í þeim tilgangi að kaupa húseignir í Grindavík. Þegar þessi frétt er rituð hefur Þórkatla keypt tæpar 900 íbúðir og hús af þeim 1.200 sem eru í bænum. Örn Viðar er stoltur af árangrinum en skilur gagnrýni á einstaka þætti framkvæmdarinnar, bendir þó á að svona lagað hafi ekki áður verið gert og því ekki við neitt að styðjast í ferlinu.

Þórkatla var stofnuð 27. febrúar og Örn Viðar var einn 27 um-sækjenda um framkvæmdastjóra-stöðuna og hreppti hnossid.

„Ég tel okkur hafa leyst þetta vel og er mjög stoltur af vinnu okkar hjá Þórkötlu, það var gríðarlegt álag á okkur í byrjun þegar um-söknum hreinlega rigndi yfir okkur en eftir að við náðum vopnum okkar hefur þetta gengið mjög vel myndi ég segja. Það var búið að vinna vissa undirbúningsvinnu en töluvert sem þurfti að útfæra og fullvinna til þessa framkvæmdin gæti hafist.“

Grindvíkingar hafa til áramóta að sækja um sölu á húseign sinni en ekkert er því til fyrirstöðu frá hendi Þórkötlu að framlengja frestinn að sögn Arnar en hópur Grindvíkinga sem fór á fund Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, og Guðrúnar Hafsteinsdóttur, dómsmálaráðherra, í sumar kom til baka af þeim fundi með jákvæð viðbrögð ráðherranna við þeirri beiðni.

„Við höfum heyrt þessar hugmyndir en við störfum eftir þeim lögum sem voru sett og þar kemur þessi tímarammi, til áramóta fram svo alþingi þyrfti að breyta lög-unum en okkar vegna mælir ekkert á móti því að framlengja frestinn,“ segir Örn Viðar.

## Gróa á Leiti

Ýmsar sögusagnir hafa verið á reiki varðandi húsaleiguna sem Grindvíkingum stendur til boða.

„Við tilkynntum í sumar hvernig húsaleigu yrði háttað til þeirra Grindvíkinga sem óska eftir því og byggir fyrirkomulagið á markaðs-leigu að teknu tilliti til aðstæðna í Grindavík á hverjum tíma. Ákveðið hefur verið að leigan út þetta ár nemi 25% af markaðsleigu á Suðurnesjum. Leigan mun taka mið af brunabótamati eignanna og verður í kringum 625 kr. á fermetra þar til aðstæður í Grindavík verðar taldar öruggari. Við sögðum á sama tíma að þetta viðmiðunar-verð verði endurskoðað árlega svo hvernig sögusagnir um að verði myndi hækka strax um áramótin í sama verð og gildir í Reykjavík, veit ég ekki um. Þegar þjónusta verður komin á fyrra stig í Grindavík og þegar líf verður búið að færast í edlilegt horf, þá hlýtur að teljast sanngjarnt að Grindvíkingar borgi sem nemur markaðsleiguverði, ég held að allir hljóti að geta verið sammála um það.“

Örn Viðar staðfesti annan orðróm. „Við höfum ekki gengið frá neinum leigusamningum til þessa en enda tókum við mið af



almennum varnaðarorðum frá Almanna- og Varnarmálaráði síðasta eldgoss, um að fara okkur hægt í þessum málum. Almanna- varnir töldu ekki óhætt að búa í Grindavík og við tókum tillit til þess og ákváðum að biða með þessa leigusamninga,“ segir Örn Viðar.

Grindvíkingar geta óskað eftir forkaupsrétti á húsi sínu og sömu-leiðis hafa verið sögusagnir á kreiki varðandi verðið sem hægt verður að kaupa húsin á til baka.

„Við erum ekki með nein önnur áform en að selja eignirnar með sama hætti og við keyptum, þ.e. á 95% af brunabótamati, eins og segir í reglugerð um kaup-rétt fyrrum eigenda. Ef einhver vill kaupa eign þar sem seljandi óskaði ekki eftir forkaupsrétti, þá er ekkert sem mælir á móti því og við munum skoða það ef aðstæður leyfa,“ segir Örn Viðar.

## Hollvinasamningur

Grindvíkingar hafa verið ósáttir við að þurfa skila eign sinni tómrri en allir ruslagámar á suðvestur-horninu hafa meira og minna verið fullir síðan Grindvíkingar seldu eign sína til Þórkötlu.

„Ég hef heyrt þessa gagnrýni, það er eflaust eitthvað í umgjörðinni og rammanum sem betur hefði mátt fara, það get ég alveg viðurkennt en þetta var snúið verkefni og við höfðum ekki við neitt að styðjast. Ég hef heyrt af þessari óánægju Grindvíkinga varðandi skil á viðkomandi eign, að þurfa að tæma eignina. Það getur vel verið að það hefði mátt hugsa einhverja hluta betur og það er jú þannig í mjög mörgum málum. Þetta var vissulega jafnvægislist að taka við eignum þannig að hægt væri að selja þær aftur og gefa seljendum færi á að geyma hluti í henni eða nýta eignina. Það var mikill orðrómur í vor um að fólk ætlaði ekki að ganga sómasamlega frá eignunum og það varð til þess að við ítrekuðum að skila ætti eignum eins og í hverjum öðrum fasteigna-viðskiptum. Reynslan hefur almennt verið góð og fólk er að skila eignunum vel af sér. Í kjölfar þess-arar gagnrýni höfum við brugðist við og verið jákvæð á frestun af-hendingar og ef fólk leitar eftir því,

veitt heimildir fyrir því að geyma hluti á tilteknum stað svo sem í bílskúr í tiltekinn tíma. Við erum að vinna að svokölluðum hollvina-

samningi sem snýr að samstarfi við fyrrum eiganda á viðkomandi eign, að viðkomandi greiði fyrir hita og rafmagn og geti komið inn



á gamla heimilið en sjái á móti um ákveðið viðhald og umhirðu. Það er mikilvægt að Grindvíkingar haldi tengingu við gamla heimilið sitt og vonandi munu allir eða sem flestir snúa aftur þegar það telst öruggt. Vonandi verður aðgengi að Grindavík aukið fljótlega og þá munum við kynna þennan hollvina-samning betur.

Þetta er búið að vera krefjandi verkefni en ég er mjög stoltur af því að við höfum keypt nærri 900 eignir sem þýðir að við höfum hjálpað þeim fjölda fjölskyldna að komast út úr erfiðum aðstæðum og koma sér fyrir á nýjum stað. Með tíð og tíma mun Grindavík blómstra á ný, það er ég sann-færður um,“ sagði Örn Viðar að lokum.



Samband íslenskra sveitarfélaga

## Vissir þú

að sveitarfélögin reka samtals 12.000 km af vegum um allt land, jafn mikið og ríkið?

Sveitarfélagið þitt vinnur fyrir þig. Kynntu þér starfsemi sveitarfélaganna á [samband.is](http://samband.is)







# Hvetja bæjarbúa til að hugsa vel um nærumhverfi sitt

Umhverfisviðurkenningar Reykjanesbæjar eru veittar annars vegar einstaklingum og hins vegar fyrirtækjum sem viðurkenning fyrir fallega garða og vel hirtar lóðir og umhverfi. Með viðurkenningum vill Reykjanesbær hvetja bæjarbúa til að hugsa vel um nærumhverfi sitt og verðlauna þá sem skara fram út í snyrtimennsku og umhirðu garða sinna. Umhverfis- og skipulagsráð fer með framkvæmd verðlaunanna í samvinnu við starfsmenn Reykjanesbæjar. Auglýst er eftir tilnefningum á vefsíðu bæjarins og er unnið úr þeim nafnlaust. Viðurkenningarnar voru afhentar á Ljósanótt



VF/SIGURBJÖRN DADI

## Samfélagsverðlaun

Sigurjón Þórðarson: Fyrir ómetanlega sjálfbodavinnu í þágu skógræktar á Suðurnesjum. Sigurjón hefur leitt starf Skógræktarfélags Suðurnesja um áramóðir og átt í mjög góðu samstarfi við garðyrkjudeild Reykjanesbæjar. Hér er Sigurjón annar frá vinstri ásamt öllu því fólki sem tók á móti viðurkenningum í ár. Efsta myndin sýnir vel lukkaða skógrækt í Reykjanesbæ.



VF/HILMAR BRAGI

## Tilnefning frá íbúum

Vatnsnes: Vel heppnað samstarf Hótel Keflavíkur og sveitarfélagsins Reykjanesbæjar. Steinþór Jónsson hóteltjóri tók við viðurkenningunni ásamt Hildi Sigurðardóttur eiginkonu sinni.



VF/HILMAR BRAGI

## Einkagarður

Smáratún 7: Fallegur, snyrtilegur og fjölskrúðugur einkagarður. Kristinn Herbert Jónsson og Ólöf Kristín Guðmundsdóttir tóku við viðurkenningunni.



VF/HILMAR BRAGI

## Viðhald á eldra húsi

Brons: Falleg endurbygging á eldra húsi. Þorsteinn Þorsteinsson tók við viðurkenningunni.



VF/HILMAR BRAGI

## Fyrirtæki

Hótel Berg: Falleg hönnun húss og snyrtilegt umhverfi. Ivana Covic aðstoðarhótelstjóri og Anna Gréta Hafsteinsdóttir starfsmaður Gistivers og fyrrverandi hóteltjóri tóku við viðurkenningunni.



Þjálfararnir Haraldur Freyr Guðmundsson og Bói fagna marki fyrir í sumar. VF/JPk

# Keflavík í umspil - Njarðvíkingar heltust úr lestinni

Keflvíkingar unnu öruggan 4:0 sigur á Fjölni og enduðu í öðru sæti Lengjudeildar karla í knattspyrnu á meðan Njarðvíkingar þurftu að bita í það súra epli að rétt missa af umspilssæti eftir 2:2 jafntefli við Grindavík sem hafði að litlu að keppa og lauk leik í níunda sæti.

## Kvöddu Bestu deildina með sigri



Saorla Lorraine Miller skoraði tveggis í lokaleiknum.

### Fylkir - Keflavík 1:4

Keflavík vann öruggan sigur á Fylki í loka-leik beggja liða í Bestu deild kvenna að sinni. Fyrir leik var ljóst að bæði lið væru fallin en Keflvíkingar luku leik með góðum sigri.

Mörk Keflavíkur skoruðu þær Krístrún Ýr Holm (21'), Sigurbjörg Dilljá Gunnarsdóttir (36') og Saorla Lorraine Miller (75' og 82').

## Víðismenn upp um deild

### Augnablik - Víðir 1:1

Víðismenn tryggðu sér sæti í 2. deild á næsta ári en litlu mátti muna því Víðir og Árbær enduðu með jafnmörg stig en Víðismenn höfðu hagstæðari markatölu.

David Toro Jimenez kom Víði yfir snemma leiks (9') en Augnablik jafnaði leikinn fimm mínútum fyrir leikslok.



Márkús Máni Jónsson varð markahæstur Víðismanna með fjórtán mörk.

## Þróttarar í þriðja sæti en Reynismenn féllu

### Þróttur - Haukar 3:0

Þróttur vann Hauka og endar í þriðja sæti annarrar deildar og rétt missir af sæti í næstefstu deild en Völsungur fylgir Sel-fossi upp.

Litlu mátti muna en Þróttur og Völsungur mættust í næstsíðustu umferð og þá leiddu Þróttarar með einu marki þar til á fimmtu mínútu upphóttartíma að Völsungur jafnaði, það má því segja að Þróttur hafi verið tíu sekúndum frá því að komast upp.

Guðni Sigþórsson (10') og Haukur Darri Pálsson (52') skoruðu sitt markið hvor en þriðja markið skoraði Guðjón Pétur Lýðsson (65' sjálfsm.)



Jóhann Þór Arnarsson skoraði tólf mörk fyrir Þrótt í sumar. Mynd/Helgi Þór Gunnarsson

### Reynir - KFG 1:2

Reynismenn töpuðu fyrir KFG í síðasta leik tímabilsins og enduðu í neðsta sæti annarrar deildar, þeir munu því hafa vistskipti við Víði og leika í þriðju deild að ári.

### ÍDRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson johann@vf.is



Keflavík mætir ÍR í undanúrslitum umspils um sæti í Bestu deild karla á næsta ári og fer fyrri leikur liðanna fram á heimavelli ÍR miðvikudaginn 18. september en seinni leikurinn verður leikinn á HS Orkuvellingum næstkomandi sunnudag klukkan 14:00.

Víkurfréttir slógu á þráðinn til Hólmars Arnar Rúnarssonar, aðstoðarþjálfara Keflvíkinga, eftir frábæran sigur á Fjölni í lokaumferðinni og ræddu um komandi einvígi við nýliða ÍR sem hafa komið verulega á óvart í sumar.

„Þetta var helvíti góður leikur hjá okkur – og þegar maður horfir á hann aftur þá er maður ennþá ánægðari með það hvað við vorum öflugir, aggressívur og flóttir í pressunni. Skoruðum fjögur mörk og það hefur ekki verið oft í sumar að við séum að keyra yfir andstæðingana.“ segir Hólmur Örn, betur

... það hefur ekki verið oft í sumar að við séum að keyra yfir andstæðingana. Þetta var flottur leikur hjá okkur ...

þekktur sem Bói. „Þetta var flottur leikur hjá okkur.“

Þannig að liðið er kannski að toppa á réttum tíma.

„Jah, ég vona það. Við fengum allavega 26 stig í seinni umferðinni, fengum tólf í þeirri fyrri, þannig að við vorum svolítið að strögla og kannski ekki með



Eftir frábært einstaklingsframtak skoraði Kári Sigfússon fyrsta mark Keflvíkinga gegn Fjölni en hann skoraði fjögur mörk í sumar, öll í seinni umferðinni. VF/JPk

reynslumennina okkar heila í fyrri umferðinni. Þetta hefur verið mikil bæting í seinni umferðinni.“

Núna er þetta bara bráðabani má segja. Þið fáið nýliðana sem hafa aldeilis verið að gera góða hluti.

„Já, þetta er flott ÍR-lið. Við erum náttúrlega búnir að spila tvo leiki gegn þeim í sumar. Við töpuðum heima fyrir þeim í fyrsta leiknum á tímabilinu og unnum þá svo úti, þá vorum við einum færra í sextíu mínútur held ég. Þetta hafa verið hörkuleikir og það hefur verið mikil stemmning í kringum þá. Ég á nú von á að þeirra stuðningsmenn mæti og styðji vel við bakið

á þeim og ég vona sannarlega að við fáum góðan stuðning frá okkar fólki líka.“

Nýliðar ÍR hafa komið verulega á óvart í sumar og eru til alls líklegir en Bói segir að Keflvíkingar beri fulla virðingu fyrir þeim og komi ekki til með að vanmeta ÍR-inga þegar í umspilið er komið.

„Algjörlega. Við berum mjög mikla virðingu fyrir þeim enda enduðum við bara einhverjum þremur stigum ofar en þeir í deildinni. Núna þarf bara að ná upp stemmningu og vonandi erum við bara aðeins betra fótboltalið á endanum.“

Þið hafið náttúrlega bara augastað á efstu deild, er það ekki?

„Jú, jú. Fyrst að við erum komnir svona langt þá stefnir maður þangað – það er bara svoleiðis.“

Bói segir að allir séu heilir og vel giráðir upp í leikina sem eru framundan. „Það er náttúrlega bara Nacho [Heras] sem er ekki orðinn heill, hann er eiginlega ekkert búinn að vera með seinni partinn. Fransi [Elvarsson] og Mamadou [Diaw] eru báðir að koma úr banni þannig að við eigum að vera með eins sterkán hóp og við getum.

Við munum bara spila á okkar styrkleikum og finna einhverja veikleika hjá ÍR, reyna að opna þá einhvern veginn.“

## Höfum fleiri gæðaleikmenn

Nú eruð þið búnir að tapa einu sinni fyrir þeim og vinna þá einu sinni – hvað hafið þið umfram ÍR-inga?

„Ég held að við höfum fleiri gæðaleikmenn, svona reynslubolta. Ég held að við ættum að hafa meiri einstaklingsgæði – ég met það þannig án þess að það halli eitthvað á þá. Við höfum aðeins rútfíraðara lið og vonandi skilar það sér á endanum – en það þarf alltaf að skila því inni á vellinum, það þýðir ekkert að tala bara um það.“

## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

### Störf í leik- og grunnskólum

Drekadalur - Deildarstjórar

Heiðarskóli - Frístund

Njarðvíkurskóli - Náms- og starfsráðgjafi

### Önnur störf

Velferðarsvið - Starfsmaður í frístundarstarfi (Skjólíð)

Velferðarsvið - Forstöðumaður í íbúðakjarna

Velferðarsvið - Þjónustufulltrúi öldrunar- og stuðningþjónustu

Viltu taka þátt í að veita börnum og fjölskyldum stuðning?

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) veitir íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu. Á HSS eru þrjú svið: heilsugæslusvið, sjúkra-svið og hjúkrunarsvið. Framundan er viðtæk uppbygging á stofnuninni, endurskoðun á þjónustuferlum sem og stefnu stofnunarinnar byggðri á Heilbrigðisstofnu til ársins 2030.

## Viltu slást í hópinn

og taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar?

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum með frumkvæði, faglegan metnað og jákvætt hugarfar til að taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar. Á HSS er lögð áhersla á góða samvinnu, stuttar boðleiðir og góðan starfsanda.

### Um er að ræða eftirfarandi störf:

- Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslu, slysa- og bráðamóttöku, sjúkra- og hjúkrunardeild
- Lífeindafræðingar
- Ljós móðir
- Málstjóri í geðheilsuteymi
- Sjúkraliðar á sjúkra- og hjúkrunardeild og rannsókn

Kynntu þér málið hér: [www.hss.is/laus-storf](http://www.hss.is/laus-storf)



# Ótrúlega súrt og virkilega leiðinlegt að klára tímabilið svona



Njarðvíkingar voru hársbreidd frá því að tvöfalda forystuna snemma í seinni hálfleik en skalli eftir hornspyrnu fór naumlega framhjá marki Grindavíkur. VF/JPK

- sagði Gunnar Heiðar Þorvaldsson, þjálfari Njarðvíkinga, þegar ljóst var að Njarðvík rétt missti af sæti í umspili Lengjudeildarinnar



„Við vissum að við vorum með þetta í okkar höndum. Við vissum hvað við þurftum að gera - við þurftum að koma hérna og vinna Grindavík,“ sagði sársvektur þjálfari Njarðvíkinga eftir jafntefli við Grindavík í lokaumferð Lengjudeildar karla. Jafntefli dugði Njarðvíkingum til að jafna besta árangur liðsins á Íslandsmótinu í knattspyrnu en það heyrðist að þeim leið eins

og þeir hefðu fallið enda var Njarðvík í kjöraðstæðu til að bæta árangurinn í sumar.

„Mér fannst í byrjun leiks að það væri smá skjálfti í okkur, enda gríðarlega margir leikmenn í þessu liði sem hafa aldrei verið í þessari stöðu áður, en mér fannst við koma inn í þetta jafnt og þétt.“

Oumar Diouck skoraði glæsilegt mark fyrir Njarðvík sem hafði 1:0 forystu í hálfleik og þá leit allt út eins og Njarðvík væri á leiðinni í umspil - en hlutir áttu eftir að breytast hratt. Eftir rúmlega tíu mínútna leik í seinni hálfleik jöfnuðu Grindavíkingar eftir mikinn darraðadans í teig Njarðvíkur. Njarðvíkingar náðu ekki að koma boltanum frá og að lokum skoraði Kristófer Konráðsson (56'). Aðeins mínútu síðar náðu Grindavíkingar forystu með marki Dennis Nieblas Moreno (57').

„Við ætluðum að vinna þetta og við reyndum að gera það og við hömruðum á þetta mark hérna á milljón - og ég held að boltinn hafi farið tvisvar sinnum í slánna og markmaðurinn þeirra var að verja vel. [...] Við náðum 2:2 marki en það kom aðeins of seint - ef það hefði komið fyrr hefði þetta kannski verið aðeins meiri möguleiki. Ótrúlega súrt og virkilega leiðinlegt að klára tímabilið svona,“ sagði Gunnar meðal annars í viðtali við Víkurfréttir eftir leik en allt viðtalið við hann má heyrja og sjá í rafrænni útgáfu blaðsins og á vef Víkurfréttar, vf.is.

Lace Up  
**Sydney**  
and Move Your Mind with ASICS  
15.09.2024



## Brekkurnar tóku vel á lærunum

- segir Börkur Þórðarson sem keppti í maraþoni á heimsmeistaramóti 40 ára og eldri í Ástralíu um helgina

Hlaupagikkurinn Börkur Þórðarson vann sér inn keppnisrétt á heimsmeistaramótið í maraþoni 40 ára og eldri í með góður árangri í maraþonkeppni í Frankfurt fyrir tæpu ári síðan. Síðan þá hefur Börkur unnið markvisst að undirbúningi fyrir keppnina og um helgina var loks komið að stóru stundinni.

„Það gekk vel en þetta var mjög krefjandi braut, mikið um brekkur og blés hressilega á köflum,“ sagði Börkur í samtali við Víkurfréttir.

Börkur kom í mark á tímanum 2:46,57 sem er þriðji besti tíminn hans í maraþoni. Hann endaði í 30. sæti í sínum aldersflokki af 1.272 þátttakendum og í 214. sæti af tæplega 25.000 þátttakendum.

„Líðanin er ágæt fyrir utan mikla þreytu í fótunum en brekkurnar tóku vel á lærunum,“ sagði hann en Börkur og unusta hans, Guðný Petrína Þórðardóttir, eru ennþá í Ástralíu og segjast ætla að njóta lífsins fram að heimför sem er áætluð á laugardaginn.



Börkur og Guðný, unusta hans, en hún var honum til halds og trausts í Ástralíu.

## ÁR MARKVARÐANNA Í GRINDAVÍK

Lokahóf knattspyrnudeildar Grindavíkur var haldið í Safa-mýri á laugardagskvöld, að lokinni síðustu umferðinni í Lengjudeild karla. Var hófið með mun minna sniði og öðrum hætti en venjulega en heppn- aðist engu að síður mjög vel.

Markverðir beggja liða, Aron Dagur Birnison og Katelyn Kel-

logg, voru valdir bestu leikmenn tímabilsins af leikmönnum, stjórn og þjálfurum. Í öðru sæti voru Josip Krznaric og Emma Young og í því þriðja Dagur Ingi Hammer Gunnarsson og Una Rós Unnarsdóttir.


Markahæstu leikmenn Grindavíkinga voru Dagur Ingi Hammer og Dröfn Einarsdóttir.



Verðlaunahafar tímabilsins 2024: Dagur Ingi (markahæstur), Christian (efnilegastur), Sigurjón (mikilvægastur), Aron Dagur (bestur), Una Rós (mikilvægust), Helga Rut (efnilegust) og Dröfn (markahæst). Mynd/Facebook-síða knattspyrnudeildar UMF



Aron Dagur Birnison með glæsilega markvörslu í lokaleikum gegn Njarðvík á laugardag. VF/IPK



Katelyn Kellogg, markvörður kvennaliðsins, var því miður farin af landi brott þegar hófið var haldið. Mynd/Petra Rós Ólafsdóttir



Ása Björg Einarsdóttir, Dröfn Einarsdóttir, Dagur Ingi Hammer Gunnarsson og Una Rós Unnarsdóttir voru heiðruð fyrir að hafa leikið 100 leiki fyrir Grindavík.



Úrslit leikja og fréttir birtast á

**vf.is**



## Eldur í Benna Sæm GK

Eldur kom upp í dragnótabátnum Benna Sæm GK þegar hann var á útleið frá Sandgerðishöfn skömmu eftir klukkan fimm síðasta fimmtudagsmorgun. Eldurinn kom upp í rafmagnskapli frá ljósavél í vélarrúmi. Rafmagn fór af bátnum við atvikið.

Hjálparbeiðni var send Neyðarlínunni kl. 05:13 og þá var Benni Sæm GK um hálfu sjómílu frá hafnarkjafninum í Sandgerði. Báturinn var kominn að bryggju þegar slökkvilið Brunavarna Suðurnesja kom á vettvang. Þá voru skipverjar búnir að slökkva eldinn.

Slökkvilið Brunavarna Suðurnesja sendi niður reykfakara með hitamyndavél til að ganga úr skugga um að allur eldur væri slökktur. Það reyndist vera og var aðgerðum slökkviliðs lokið á um 45 mínútum.



## Eldur á skrifstofu

Eldur kom upp í rafmagnstöflu á skrifstofu í Háaleitisskóla í Reykjanesbæ á ellefta tímanum á sunnudagsmorgun. Húsvörður skólans var fljótur á vettvang og hafði slökkt eldinn þegar slökkvilið Brunavarna Suðurnesja kom á staðinn.

Árman Arnason, varðstjóri hjá Brunavörnum Suðurnesja, þakkar skjóttum viðbrögðum húsvörðarins að ekki fór verr en eldurinn var að byrja að læsa sig í loft á skrifstofunni þegar að var komið.

Hlutverk slökkviliðs var því að ganga úr skugga um að allur eldur væri slökktur og reykraesta bygginguna.



# dagskrángerðarfólk í hlaðvarp VF

Hefur þig dreymt um þitt eigið hlaðvarp en ekki tekið skrefið? Viltu taka þátt í umræðunni með okkur á Víkurfréttum í vetur? Ertu til í að vinna við dagskrángerð og taka upp einn þátt í viku eða kannski bara einn þátt í mánuði?

Hlaðvarp, eða Podcast, er ekki nýtt af nálinni. Við hjá Víkurfréttum höfum bara verið í grunnu lauginni og birt þættina *Suður með sjó* sem hlaðvarp. Nú er komið að því að skella sér í djúpu lagina og bæta í hlaðvarpsflórana í vetur með nýjum þáttum - um allt milli himins og jarðar.

Ert þú til í að ganga til liðs við okkur og sjá um hlaðvarpsþátt? Við erum með nýtt stúdíó þar sem er aðstaða til að taka á móti gestum og ræða við þá á bak við hljóðnemann og/eða fyrir framan myndavélina.

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í þessu þá máttu endilega senda okkur línu á [vf@vf.is](mailto:vf@vf.is).

HLAÐ  
VARP  
VÍKUR  
FRÉTTA



## Mundi

Ég er með andlit fyrir sjónvarp og rödd fyrir hlaðvarp! - fæ ég þá vinnu?



## Kódasystur

Ég las þær stórfréttir á vef Víkurfréttar í vikunni að þær Kóda-systur, Kristín og Hildur, væru að undirbúa sölu á versluninni Kóda sem þær hafa rekið með glæsibrag í áratugi. Þetta eru sannalega stórfréttir. Kóda er einfaldlega samofin Hafnargötunni, lítil stórverslun sem hefur sýnt það og sannað að viðskiptamódel sem byggt er á góðri og persónulegri þjónustu, fjölbreyttu vöruúrvali og sanngjörnu verði svínvirkar. Þrátt fyrir harða samkeppni við höfuðborgarsvæðið og vefverslanir í gegnum tíðina hafa viðskiptavinir Kóda haldið tryggð við verslunina og þær systur. Já, þær systur. Ég hef þekkt þær nánast allt mitt líf, var barnapia hjá þeim báðum á unglingsárunum - sem er auðvitað sturlað þar sem börnin þeirra eru litlu yngri en ég! Svo hef ég auðvitað verslað við þær í gegnum árin, skvísufötin á Kvennaskólaárunum komu vel flest úr þeirra smíðju og ég man líka eftir nokkrum verslunarferðum til Keflavíkur með skólasysturnar úr höfuðborginni. Alltaf var tekið á móti manni með bros á vör, góðu spjalli og mikilli þjónustulund. Aldrei neitt mál. Ég vona svo innilega að það finnist góður kaupandi að versluninni og að hún haldi áfram um ókomin ár. Ég er líka sammála þeim systurum að ekki væri verra að sá eða sú væri af svæðinu og þekkti taktinn og söguna. Og við hin berum líka ábyrgð - þau sem búa á svæðinu og einnig við hin sem erum flutt en höfum sterkar rætur og órjúfanleg tengsl við Suðurnesin. Við verðum að passa upp á að styðja við verslanir og fyrirtæki á svæðinu og hjálpa þeim að blómstra. Við Kristínu og Hildi segi ég bara „stórt takk“ - megi ykkur farnast sem allra best!

LOKAORD



RAGNHEIDAR ELÍNAR

Garðskagaviti er 80 ára

# Ber aldurinn vel!

- afmælið er í þætti vikunnar



Grjóthleðslunámskeið haldið í Höfnum

Forvarnadagur ungra ökumanna



SUÐURNESJA  
VF magasín

Nýr þáttur á föstudögum á Youtube-rás Víkurfréttar og [vf.is](http://vf.is)